



Árstíðir í skóginum

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Að sjá hvernig breytileiki í lífríki skógarins eftir árstíðum hefur áhrif á útlit hans. Meðferð og taka kvikmyndar með kvikmyndtökuavél. Klipping myndbanda í tölvuforriti. Eflir leikni í vinnubrögðum og eykur hæfni í sjálfstæðum vinnubrögðum.

Námsgreinar: Myndmennt, náttúrufræði, upplýsinga- og tæknimennt.

Elsta stig.



VERKLÝSING

Nemendur ásamt kennara velja í upphafi stað fyrir kvikmyndatökuavél eða myndavél þar sem tekin er mynd af skóginum á ákveðnum tímum með sama sjónarhorni í eitt ár.

Fyrsta taka er um áramót, síðan einu sinni í mánuði fram í mars, þá tvisvar í apríl og síðan vikulega frá apríl fram í júní. Tökur hefjast aftur þegar skóli tekur til starfa í ágúst. Þá eru teknar myndir vikulega fram í nóvember og einu sinni í desember. Þegar tökum er lokið eru myndbrotin klippt til þannig að úr verði heilsteypt myndskaið er sýnir þá útlitsbreytingu er skógurinn verður fyrir á einu ári.

Þegar verkefnið er hafið fara nemendur til skiptis á staðinn í þriggja manna hópum og taka myndskaið í tiltekinn tíma. Þeir þurfa að gæta þess að láta ekki til sín heyra meðan á upptöku stendur.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Kvikmyndatökuavél, myndbandstæki, tölva, myndvinnsluforrit fyrir myndbönd.

Höfuðatriði er að hafa fast land fyrir kvikmyndavél og það vel stillt. Einnig að nota sömu kvikmyndatökuavélina eða myndavélina í öll skiptin.

Verkefnið er kjörið í samþættingu í myndmennt og tölvumennt.

Eftirtalin atriði eru metin: Myndataka, klipping, hversu vel breytingar skógarins, s.s. sem haustlitir og laufgun, koma fram í myndinni.

Verkefnið tekur yfir eitt ár, frá áramótum til næstu áramóta.